

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93, 5. júní 1947, og vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

**um leyfðan heildarafla úr helstu botnfisktegundum á fiskveiði-
tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991.**

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal leyfður heildarafla úr helstu botnfisktegundunum vera sem hér segir:

1. þorskur	245 þúsund lestir	4. karfi	55 þúsund lestir
2. ýsa	40 þúsund lestir	5. grálúða	30 þúsund lestir
3. ufsi	65 þúsund lestir	6. skarkoli	7 þúsund lestir

Leyfður heildarafla miðast við óslægðan fisk með haus.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1990.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1990 eru allar línuveiðar bannaðar í Faxaflóa, sunnan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Bessastaðakirkju.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1990.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Heimspækistofu dr. Helga Pjeturss.

Ég undirritaður, Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson, kt. 121122-2789, staðfesti að ég set hér með á stofn sjálfseignarstofnun sem eftirgreind skipulagsskrá, er staðfest skal af dómsmálaráðherra, skal gilda um.

1. gr.

Stofnunin heitir Heimspækistofa dr. Helga Pjeturss.

2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er vísindaleg rannsóknarstarfsemi á sviði heimspæki sem felst í eftirgreindu:

- a) Varðveisla rita dr. Helga Pjeturss og muna sem tengjast persónu hans og minningu, sérstaklega þeirra frumgagna sem hann studdist við við tilurð kenninga sinna um lífið í alheimi. Einnig söfnun þess sem um kenningar hans hefur verið ritað. Stefnt skal að því að koma upp tölvugagnabanka og heimspækikenningar og þróun í þekkingu á lífinu.
- b) Að skapa vinnuadstöðu og skilyrði fyrir þá sem vilja kynna sér verk dr. Helga Pjeturss og að vinna í anda hans að skilningi á lífinu svo og styrkja ákveðin verkefni sem þjóni þessum tilgangi.

4. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er bækur og bréf dr. Helga Pjeturss svo og skrifborð sem frá honum er komið. Verðmæti þessa stofnfjár er varlega áætlað kr. 500 000,- fimm hundruð þúsund 00/100,-. Stofnfé má ekki skerða.

5. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru framlög styrktarmanna og gjafir.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum. Stjórnarmenn skulu sjálfir skipa með sér störfum. Í upphafi skulu eftirgreindir þrír menn skipa stjórnina:

Benedikt Björnsson Sigurbjörnsson,
kt. 121122-2789,
Þingholtsstræti 15, Reykjavík.